

Selfoss næsti svefnbær?

Skyldu Selfyssingar sækja um kaupstaðarréttindi á þessu ári? Þeim verða nú á næstunni kynntir kostir slíks og gallar, en síðar verður efnt til kosninga þar um. Nú má líka fara að gera ráð fyrir að borgarþágar fari að taka sér bólfestu á Selfossi.
— sjá grein bls. 2.

Kunningjarnir á Kópavogshæli hjálpuðust við innbrot sjá bls. 3

Einn kokkur fyrir „alla Eyjabúa“

Sjá fréttir frá Vestmannaeyjum bls. 7 og bls. 3



Óti í hinum stóra heimi eru sennilega tugmilljónir manna búnar að sjá gosið í Vestmannaeyjum í allri sinni litadýrd í ljósjónvarpi. En það er ekki fyrr en í dag, sem almenningi gefst kostur á að sjá litadýrd gossins með litmyndum, sem Visir birtir í dag, fyrstur dagblaðanna.

Eins og sjá má á myndinni, sem tekin var fyrsta morgunin eftir að gosið hófst, eða í fyrramorgun, voru austustu húsin þá þegar í mikilli hættu, en ekki eru nema nokkur hundruð metrar frá gossprungunni að húsunum. Þetta eru raunar Kirkjubæjarhúsin, sem nú eru brunnin.

Gufustrókar í höfninni

og upp úr allri innsiglingunni. Heimaey hefur stækkað um einn ferkílómetra

Heimaey um hádegisdag: ELDSLETTUR SETTU GAT Á FLUGVÉLARSKROKK

Byggðin í Eyjum var heldur svört og ægileg til að sjá úr lofti um hádegisbilið, þegar fréttamenn Visis flugu yfir Eyjarnar í morgun. Gufustrók lagði frá höfninni, og vikurfjallid fyrir austan bæinn grúfir ógnandi yfir austurhluta bæjarins. Sannarlega er eldurinn ekki langt frá bænum og ekki má mikið út af bera til að hraunleðjan fari að herast inn í íbúðarhverfin.

Engan mann var að sjá á götum í Eyjum, bærinn var eins og hann hefði verið yfirgefinn af öllu lífandi. Hraunslöttur bærust alla leið út á flugvöllinn, og varð Douglas-flugvél Flugfélags Íslands fyrir slettum og kom gat á hana að því er flugumferðarstjóri í Eyjum sögðu flugmönnum í varnaðarskygni í morgun, en flugmenn þóttu heldur glannalegir og of nálægt eldinum.

JBP —

Hraun heldur áfram að renna út í sjóinn við Heimaey. Hefur eyjan stækkað um einn ferkílómetra. Eftir allri innsiglingunni og inn í höfnina hefur sjórinn hitnað svo gífurlega, að gufustrókurinn stendur upp frá sjónum.

„Við getum aðeins sagt það um þær mælingar, sem fram hafa farið í höfninni og innsiglingunni

að undanförunu, að ástandið á botninum hefur ekkert breytt.“ Þetta sagði skipstjóri og áhöfn á Lóðsinum í Vestmannaeyjum, þegar Visismenn litu við í bátinum í morgun, en Lóðsinn lá þá við höfn.

Mælingar Lóðsins hafa verið framkvæmdar á eins og tveggja tíma fresti frá því gos hófst. Að því er þeir á Lóðsinum telja, virðist enn ekki hætta á því, að innsiglingin eða höfnin lokist.

Lóðsinn hefur nú hætt mælingum. Vardskipið Þór liggur hins vegar úti fyrir Eyjunum og hefur

tekið að sér að framkvæma ratarmælingar

Lóðsinn mun verða í höfn eitt-hvað frameftir. Þjóst skipstjórnin við, að hann færi síðastur úr höfn.

„Ívada trú hafid þið á því, sem er að ske“, spurðum við áhöfnina á Lóðsinum.

„Við höfum bara alls enga trú á þessu. Við búumst við að þurfa að yfirgefa eyna, og þá hugsun viljum við helst ekki hugsa til enda.“ Þeir sögðust þó búast við því að verða hér áfram til síðasta manns.

— EA

Gífurlegt öskufall í Eyjum í nótt — sjá baksíðu

VÍSIR SPYR:

Hvernig líst yður á að allir yrðu látnir borga einu prósentí meira í tekjuútsvar og þeir peningar, sem þannig fengjast væru notaðir til að styrkja Vestmannaeyingana?



Logi Runólfsson, verzlunarmaður: Það þarf fyrst að gera sér grein fyrir hvernig hjálpin á að vera og hve mikil. Eg álit að þegar styrkur er veittur til aðila innanlands vegna vandræða sem þessa, þá sé það bezt gert með opinberri innheimtu, en að hjálp til aðila utanlands eigi að vera í frjálsum framlögum.



Þórhalla Guðnadóttir, vélskólanemi: Eg álit að minnka ætti opinberar álögur á þetta fólk og að bezt sé að hjálpa því með ákveðnum gjöldum á aðra í landinu.



Þórhalla Guðnadóttir, húsmóðir: Mér fyndist það alveg sjálfsgott og rétt að þeir bezt stæðu borguðu mest. Eg held að allir séu sva fúsir til að hjálpa þessu folk, að menn sæju ekki eftir aukum til að styrkja það.



Sigrður Þórmarr, verkfræðingur: Eg held að ríkisstjórn ætti að sjá um fjárframlög til þessa fólks. Það er svo þeirra mál, hvernig þeir innheimta féð.



Ester Gísladóttir, húsmóðir: Mér líst mjög vel á það. Það er nefnilega svo að þó allir vilji hjálpa, þá verður ekki úr því hjá öllum.



Guðmundur Steingrímsson, vaktarformaður: Það er alveg sjálfsgott og miklu betra en frjáls framlög. Það væri einnig rétt, að mínu áliti, að þeir sem bezt væru stæðir borguðu mest.

ÞAR SELJA ÞEIR FOKHELT FYRIR 750 TIL 950 ÞÚS.

— Selfyssingar byrja að byggja ótrúlega ódýrt í nýja hverfinu. Gera hugsanleg kaupstaðarréttindi upp við sig innan skamms

Innan skamms munu Selfyssingar þurfa að gera það upp við sig, hvort þeir æski þess að bærinn þeirra sækir um kaupstaðarréttindi. Nefnd sú, sem skipuð var í upphafi síðasta árs, að tilhlutan hreppsnefndar á 25 ára afmæli hreppsins, mun væntanlega skila áliti á kostum og göllum þess að Selfoss verði kaupstaður.

„Þegar niðurstöður nefndarinnar hafa verið kynntar almenningi verður efnt til kosninga um málið“, sagði Óli Guðbjartsson, oddviti Selfosshrepps, í vitali við Vísir. Kvæð hann vonir standa til að málið komist svo á næsta þing, ef Selfyssingar á annað borð komast að þeirri niðurstöðu, að kaupstaðarréttindi væru þænum askileg.

Densla bæjarins hefur verið mikil undanfarið, þó eitthvað hafi raunar fækkað á árinu 1969. Nýtt hverfi er nú að komast á legg í suð-austurhluta bæjarins og hefur það vakid sérstaka athygli hve íbúðir eru þar miklum mun oðrari en almennt tíðkast.

Fokheld raðhús seld fyrir 750 til 950 þús.

Fokheld raðhús eru seld þarna fyrir 750 þúsund krónur séu þau úr timbri, en 950 þúsund steinsteypt.

Fullfrágengið einbýlishús í nýja hverfinu verður svo selt á tveir og hálf milljón. Og eru þau hús ekki minna en 500 rúm-metrar.

Við spurðum Óla oddvita hver ástæðan væri fyrir því að verðið væri þetta miklu lægra en á borgarsvæðinu. Því gat hann ekki svarað. „Það eina sem mér

kemur í hug í því sambandi eru gatnagerðargjöldin“, svaraði hann hugsandi. „Lóðarverð fyrir venjulegt hús er í kringum 125 þúsund og fylgir byggingavísitölu“.

Hann sagði að nýja hverfið væri skipulagt fyrir á niunda hundrað manns. Væru þar að verki sex byggingaverktakar, en líkur bentu til að þeir sex myndu innan tíðar mynda með sér þrjú byggingaverktakafélög.

„Eitt nafni nefnum við svæðið, sem tekur við fyrsta áfanga, Grashaga, en þar eru komnar tveir götur, sem hvor um sig myndar skeifu“ útskýrði skrifstofustjóri Selfosshrepps, Erlendur Hálfánarson. „Við þessar götur voru á síðasta ári afhentar lóðir fyrir fjögur raðhús, þrjú fjölbýlishús og þrjátíu einbýlishús. Síðar munum við svo afhenda lóðir fyrir um 15 einbýlishús“.


„Þar til bara fyrir stuttu vorum við á eftir með gatnagerð og undirbuning fyrir íbúðarhverfin af bæjarins hálfu. En nú erum við orðnir að heita má hálfu ári á undan“ sagði Óli. Bætti hann því við, að markmiðið væri að ná eins árs forskoti, en það takmark væri nokkuð fjarlægt enn sem komið væri. „Og ekki bætir það úr skák, að ríkisstjórnin hefur lagt bann við 10 prósent hákkun útsvara“, sagði oddvittinn og andvarpaði. „Við eigum eftir að minnka allar áætlanir okkar um framkvæmdir í hreppnum af þeim sökum, og kemur það til með að koma niður á nýja hverfinu, engu síðar en þeim gömlu“.

Og framkvæmdasemi Selfosshrepps hefur verið mikil að undanförunu og minna er ekki framundan. Varanlegt slitlag gatna hefur verið lagt á mikinn hluta, skólplögn hefur verið lögð úr nýja hverfinu og út í Ólfusíð, en ræsið fer fyrst í gegnum nýja hreinsistöð.

„Framundan er svo það mikla verkefni, að leggja nýja vatnslögn frá Ingólfsfjalli þar sem er



Byggingaframkvæmdir á Selfossi. Byggingaverktakar eru teknir til við að byggja í nýja hverfinu, en þar á að byggja yfir 300 manns í fyrsta áfanga.



„Hér er eitt nýjasta íbúðarhverfið“, segir Óli Guðbjartsson og bendir á kort af þænum. A móti honum stendur Erlendur, en á borði hjá þeim er líkan af nýja hverfinu. A kortinu er það á bak við oddvittann.

vatnsból Selfyssinga“, útskýrði Erlendur næst. Gamla vatnslögnin er í kringum 20 sentimetrar í ummál, en sú nýja verður 30 sentimetrar. — Dýr lögn þá.

Nú var slegið máli á þá vegar-spotta, sem nú þegar hafa verið malbikaðir á Selfossi og eru rétt um það bil að verða tilbúnir. Reyndust það vera nálægt 5,8 km, sem þýðir það, að þrjújungur gatnakerfis bæjarins sé að komast á malbik. Til þeirra hluta var líka varið tölf til fjórtán milljónum króna á síðasta ári.

Það kostar viðlíka upphæð, að koma ræsinu úr nýja hverfinu út í Ólfusíð. Og nokkrar milljónirnar þarf svo til að koma ræsinu áfram upp eftir hverfinu.

Erud þið ekki farnir að fá Reykvinga hingað til búsetu?“ spurði Vísir — með nýja Suðurlandsveginn í huga, sem gerir mönnum það fært að stunda vinnu í Reykjavík, þó sofið sé á Selfossi um netur.

„Nei“, svöruðu oddvittinn og skrifstofustjórinn spurningunni. „Reykvingar hafa ekki tekið sér bólfestu hér ennþá, en það er aldræi að vita hvað verður þegar byggingaverktakarnir fara að selja inn í nýju íbúðirnar og

húsin. Það litla, sem ennþá hefur verið boðið til sölu hafa Selfyssingar tryggjt sér“.

Nú barst talið að íbúatölu Selfoss. Erlendur greip simtölið í skyndi og hringdi á Hagstofuna. „Þeir þar ættu að hafa nýjar tölur einmitt núna“, sagði hann — og Óli setti sig í stellingar tilbúinn til að heyra töluna 2500. „Við verðum að hafa náð þeirri tölu“, sagði hann.

En talan, sem Hagstofan gaf upp var 2484. Það vantar með öðrum orðum einar fjórar fjölskyldur til Selfoss til að draumur oddvittans verði að veruleika.

Að lokum var lítið á þá áætlun, sem Gestur Ólafsson, arkitekt, hefur gert fyrir Selfoss, en sú áætlun var samþykkt árið 1969. Hún nær yfir tímabilið frá 1971 til 1990.

Þar er gert ráð fyrir að íbúatala bæjarins (kaupstaðarins?) verði orðin allt að helmingi hærri eftir þau 27 ár.

Vert er að geta þess, að Gestur Ólafsson, sem unnið hefur skipulag Selfoss hefur einnig unnið að skipulagi Hveragerðis og Akureyrar. — Nú, svo og líka Laugar-dalsins okkar.

—BJM

Lesendur hafa orðið

Senda sprengiflugvél á eldgíginn

Vilhjámur hringdi: „Væri ekki ráð að fá aðstoð sprengiflugvéla varnarliðsins, og láta þær varpa sprengjum á gíginn í Vestmannaeyjum — opna í honum skarð að austanverðu, svo að glóandi hraunið rynnir þeim megin út af eyjunni, beint í sjó fram?“

Verður hjálparboð USA ekki þegið?

Sigríður frá Vestmannaeyjum hringdi:

„Er það satt, sem maður heyrir, að ríkisstjórnin hafi hafnað boði Bandaríkjanna um að leggja fram nærfatnað, sangurfatnað o.fl. nauðsynjar til handa Vestmannaeyingunum? Eða þá tilbodinu um einhagsaðstoð?“

Ef satt er — hvaða rétt hafa þessir menn til þess að afþakka fyrir okkar hönd hjálpinu?

Það eru margir, sem taka undir orð Eyjamannsins, sem sagði, að

nær væri fyrir Einar Agústsson að koma heim þegar í stað og þakka heldur fyrir tilveru varnarliðsins, sem gerði stóran hlut, þegar Eyjabúar voru fluttir til lands.“

Svana frá Vestmannaeyjum hringdi líka með sama í huga:

„Eg hef heyrt, að ríkisstjórnin hafi afþakkað boð Bandaríkjanna um aðstoð til handa Vestmannaeyingum. Öllu getur maður svo sem trúað upp á þessa ríkisstjórn, en þetta væri nú kórónan hjá þeim, ef satt væri.“

Eins og fram kom í frétt Vísis í fyrradag, grennslaðist fréttá-

maður blaðsins fyrir um það, hvort yfirvöld hygðust þiggja boðið. Kom þá fram, að fyrst um sinn ætluðu menn að hinkra við og sjá, hver þörfin yrði, áður en boðið yrði þegið.

HRINGIÐ Í SÍMA 866 11 KL 13-15

„Maðurinn“ reyndist vera jólatré

Þegar Arnarfellið var að leggja frá bryggju í gærkvöldi, töldu hafnsögumenn sig sjá að maður hefði fallið í sjóinn við Norður-garð, og var það strax tilkynnt lögreglunni.

Átti að færa skipið inn í Sunda höfn og voru hafnsögumenn komnir um borð í Arnarfellið og aðrir í hafnsögubát við skipið. Þegar lögreglan fékk tilkynninguna fór hún strax á staðinn og hafði með gúmmibát. Hafnsögumenn fullyrtu, að maður hefði fallið í sjóinn. Hefði hann verið að leysa landfestar, en augnabliki seinna var enginn á bryggjunni. Töldu hafnsögumennirnir, að þeir hefðu séð grilla í manninn á floti í sjónum.

Leit var gerð að manningum, en hún bar ekki árangur. Þroskmað ur var fenginn til að kafa og leita mannsins, en enginn árangur varð.

Lögreglan fékk nú upp nafn mannsins, sem átti að hafa fallið í sjóinn, og fóru lögreglumenn heim til hans. Fyrsti maðurinn sem þeir hittu var sá, sem hafnsögumenn sögðust hafa séð í sjónum. Kom í ljós, að maðurinn hafði aldrei farið niður á bryggju til að leysa landfestar Arnarfellsins, einfaldlega vegna þess, að hann hafði ekki hugmynd um að flytja ætti skipið. Þá kom einnig í ljós, að það voru skipverjar á Arnarfellinu sem sjálfir höfðu leyst landfestarnar.

Það sem hafnsögumennirnir sáu í sjónum og töldu vera mann í grænni úlpu, var gamalt jölatré. —>M



Þannig var útsýnið í gær frá „ritstjórnarskrifstofu“ Vísis á gossvæðinu. Við Skólavegin hafa blöðin verið ljólmenn að undanfögnu og fréttir og myndir berast í sífellu til Reykjavíkur. Þarna varð mikil sprengin í stóra gígnum á sprungunni (Ljósmynd Vísis BG)

VÉLGÆZLU- MENN LÉTU UNDAN

Aflýstu verkfallinu—
deilan í gerðardóm

Verkfalli vélgæzlumanna í Reykjavík, Kópavogi og á Sel-tjarnarnesi var aflýst undir mið-nætti í nótt, þegar fulltrúar deil-aðila komust að samkomulagi um uppástungu sáttasemjara, að málið yrði lagt í gerðardóm. Augljóst var þá, að ríkisvaldið hefði gripið inn í þetta verkfall, en vélgæzlumenn hötuðu í gær að hætta að viðhalda frosti í frystihúsum frá kl. 11 í morgun „vegna verkfallsbrota“.

Það hefur án efa ýtt mikið á eftir vélgæzluönnunum að samþykkingu að deilunni yrði vísað til gerðardóms, að félagsmálaráð-herra, Hannibal Valdimarsson lýsti því yfir í gær, að hann teldi „nú engan tíma til verkfalla“.

Fulltrúar vinnuveitenda tilkynntu Vélstjórastofnun Íslands, sem semur fyrir vélgæzlumenn, að þeir teldu verkfall þetta algjörlega ólögllegt og þeir áskildu sér allan rétt til skaðabóta vegna tjóns, sem af verkfallinu kynni að hljóta.

Rétt er að geta þess, að samningur hafa þegar tekizt við vélgæzlumenn á Suburnesjum, Akranesi, Norðurlandi og Austur-landi. Eru því ekki deilur við vélgæzlumenn nema hér. —>VJ

Netagerð fyrir
loðnuvertíðina:

UNNIÐ AF KAPPI EFTIR AÐ GOSIÐ HÓFST

Edda Andrésdóttir í Vestmanna-eyjum um miðnætti s.l. nótt:
Það var eyðilegt um að listast í Netagerðinni Ingólfi í Vestmannaeyjum þegar Vísismenn bar þar að í kvöld. Net og önnur veiðarfæri, sem alla venjulega daga þekja gólf vinnuloftsins í

netagerðinni voru horfin, og lítið var þar að sjá nema eyðilegt tré-gólf og nokkra hluti sem enn voru í húskakynnum.
En í netagerðinni hefur verið unnið af kappi síðan gosið hófst. Ingólfur Theódórsson, eigandi netagerðarinnar, tjáði okkur að

þeir hefðu afgreitt ellefu til tólf loðnuætur síðan fór að gjósa, en sá fjöldi er að verðmæti 33-36 milljónir króna. Ingólfur tjáði okkur, að þeir bátar, sem nú eru í höfn í Reykjavík eða Þorlákshöfn, hyggðust flestir fara til Eyja til að ná í veiðarfæri og aðra

verðmæta hluti sem ekki vanast tími til að ná í þegar flúid var úr eyinni aðfaranótt þriðjudags.

Fjórir starfsmenn úr netagerðinni voru komnir til Eyja til að koma sem flestum netum í báta, en sjálfur sagðist Ingólfur ekki hafa farið úr Eyjum frá því að gos hófst. Starfsmenn netagerðarinnar, sem komnir voru í kaupstaðinn, höfðu það mikið að gera, að þeir gátu ekki einu sinni gefið sér tíma til þess að fara með bíla sína eða önnur verðmæti niður að höfn, þar sem hægt var að koma þeim um borð í báta, heldur urðu þeir að láta nætur og net ganga fyrir síku. Ingólfur bjóst einnig við að þeir bátar, sem hyggjast fara til Eyja, myndu einnig ná í síldarnætur og önnur veiðarfæri, sem þeir eiga þar ennþá. En sjálfur sagðist hann vera búinn að fá inn í netagerðinni í Hafnarfirði til þess að ljúka við það, sem eftir á að gera. Sagði hann að reynt yrði að afgreiða alla þá báta, sem mögulegt væri. Það er ekki að undra þótt nokkur svartýni geri vart við sig á sílku stað, og þegar Vísismenn yfirgáfu staðinn, þá sat eigandi netagerðarinnar á flotholnum á trególfinu og virti fyrir sér eyðilegan staðinn í bjarnum frá eldgosinu. —>PM

SMYGLAÐI ELDSPÝTUM INN Í KLEFANN MEÐ SÉR

— en var þó aðeins á nærfötunum einum klæða

Rannsókn er nú að mestu lokið í máli því er upp kom þegar maður kafnaði í einangrunarklefa á vinnuhellinu Litla Hrauni aðfaranótt sl. sunnudags.

Maðurinn, sem hét Þorkell Magnús Asgeirsson, var undir áhrifum deyfilyfja og hafði hann verið látinn í einangrunarklefan til að sofa úr sér vímunu. Maðurinn var í nærklæðum einum saman, en þrátt fyrir það hefur honum tekizt að smygla eldspýtum

með sér inn í einangrunarklefan. Í klefanum sitt hvoru megin við klefa Þorkells heitisins, voru menn sem lögreglan á Selfossi hafði komið í geymslu þar. Það var um kl. 3 um nóttina, sem gæzlumenn urðu varir við reyk í klefa Þorkells. Var klefinn strax opnaður, en þá var maðurinn látinn. Hafði hann tekið dýnuna og sængurföt úr svefnbálknum og sett fram við dyr klefans, og kveikti þar í því. Lá Þorkell á

svefnbálknum í eðlilegum stellingum þegar komið var að. Hvorki Þorkell né mennirnir í klefanum sitt hvoru megin við hann, höfðu látið í sér heyra, en talkerfi erúrklefnum upp í varðstofuna. Talkerfi þetta er svo næmt, að fangaverðir geta heyrt andardrátt manna í klefanum. Ekki er enn vitað hvornig Þorkell komst með eldspýtum með sér inn í klefan. —>PM

Hýsum Vestmannaeyinga í Ölfusborgum

Bolli Agústsson hringdi:

„Hvað eru menn að hugsa, þegar Ölfusborgir — sumarhús ASÍ í Hveragerði, standa auð og ónotuð, þau eru alveg upplögð til þess að hýsa Vestmannaeyinga. Því þá að vera að vandræðast með þá í skólum og opinberum byggingum? — Því ekki að nota þetta. Eða þá sumarhúsin í Borgarfirði?“

Þessi smáhýsi þarna í Hveragerði eru mjög hentug, og

þaðan er ekki nema hálf tíma akstur til Reykjavíkur og enn styttra til Þorlákshafnar.

Í annan stað vekur það furðu hjá manni, að útvarp og sjónvarp sjá ekki ástæðu til að nefna einu orði þátt vörnarlíðsins í brottflutningi fólksins úr Vestmannaeyjum.“

Bolli hringdi áður en auglýst var í hádeginu í gær, að Ölfusborgir stæðu einmitt Vestmannaeyingum til bóða.

KUNNINGJARNIR Á KÓPAVOGS- HÆLI AÐSTOÐUÐU VIÐ INNBROT

Piltarnir fengu að fara óhindrað út af heimilinu á miðnætti

Tveir piltar, sem ætluðu að brjóta inn í biðskýlið við Dalbraut nú fyrir nokkru, þurftu að aðstoða að halda við innbrotið.

Óku þá piltarnir tveir til upp-tökuheimilisins í Kópavogi og sóttu þangað tvo kunningja sína til að aðstoða sig við innbrotið. Það var um kl. 24 um nóttina, sem piltarnir ákváðu að sækja

kunningja sína til Kópavogs, en annar þeirra sem ekki dvöldust á heimilinu er einn kunnasti af-brotaunglingur borgarinnar. Fengu piltarnir á heimilinu að fara óhindrað út af heimilinu og hjálpuðu síðan félögum sínum við innbrotið. Stálu þeir töluverðu magni af sigarettum.

Eftir innbrotið var ekið um og

meðal annars var farið til Grindavíkur. Komu piltarnir tveir af heimilinu aftur þangað á milli kl. 5 og 6 um morguninn. Einn piltanna er nú í geymslu í húsrými lögreglunnar við Síðumúla, en uppi munu vera ætlanir um að koma honum fyrir á heimilinu í Kópavogi, þar sem hann er svo til frjál. —>PM

FYRSTU BÍLAR FRÁ EYJUM

Halkión kom í gær með hluta úr búslóðum og tvo bíla til Reykjavíkur

Fyrstu bílarnir, sem komu frá Vestmannaeyjum eftir að eldgosíð byrjaði, voru settir á bryggju í Reykjavíkurohöfnin í gær.

Vísismenn voru staddir á hafnarbakknum, þegar báturinn Halkión frá Vestmannaeyjum kom siglandi inn í höfnina og lagði á bryggjunni. Halkión var einn þeirra báta, sem stóðu í fólksflutningum nóttina sem gosíð byrjaði. Fyrri hluti þeirrar siglingar dró hann á eftir sér annan bát, sem var með bilabáa vél. Um borð voru tvö hundruð og

skyldfólki býr einmitt í austasta hluta bæjarins og eftir þeim fregnum sem í gær komu af gosinu, var vist ekki seinna vænna að ná í það helzta úr innbúinu.

„Það var óhuggulegt að vera einn í húsinu og tína saman dótíð til að flytja það út. Lítið betra tók við, þegar út á gangstéttina kom, því að þar lagði á móti manni hitann frá eldgosinu. Alls staðar var þrígga til fjögurra metra lag af svartri óskunni yfir öllu. Garðurinn, gangstéttarnar og göturnar, allt var þakið þessu svarta lagi. — En það má þó segja um þetta, að aldrei hefur komið eins góður ofanburður á göturnar í Vestmannaeyjum eins og núna!“

Það var létt í Stefáni hljóðið, þó að hann eins og aðrir Eyjabúar, hafi þurft að ganga í gegnum ýmsar þrengingar undanfarin dægur. Hann segir okkur frá því er hann varð fyrst var við gosíð.

„Það var elzti sonur okkar, sem vaknaði fyrstur og vakti okkur. Hann sagði að það væri farið að gjósa fyrir austan okkur og ég hugsaði með mér hvort það væri Kalla, sem væri farin að gjósa eða hvað eiginlega væri á seyði. Mér brá heldur illilega í brún, er ég leit út um gluggann og sé að handan viðhól, sem er austan við húsið okkar, gjósa eldtungurnar upp. Þarna fyrst sýndist mér þetta vera miklu nær heldur en það svo reyndist vera.

Bróðir minn, sem býr þarna í næsta húsi, var heldur rólegri en ég. Þegar hann var vakinn og honum sagt hvað væri að gerast, þá spurði hann: „Hvorum megin við húsið er það?“

Svo undarlegt, sem það nú kann að virðast, þá er ég ánægður með að þetta er gengið yfir og var ekki verra en raun bar vitni um. Ég hef nefnilega haft það á tilfinningunni að eitthvað slæmt mundi koma fyrir. Þar á ofan hefur bæzt hálf ónotanlegt draumrugl, sem ég hef nú reyndar ekki getað ráðið á neinn hátt, en það sem sagt lagðist svoleidis í mig að eitthvað slæmt mundi gerast.“

En nú var farið að drífa í að hifa bílana tvo frá borði. Við förum út til að líta á það og Bjarnleifur mundar myndavélina.

Þegar bílarnir eru komnir upp á hafnarbakkann liggur næst fyrir að taka annað dót úr bátinum. Allir hafa fengið samastað hjá vinum og vanda-mönnum. Næsta ferð til Eyja verður líklega til að ná í öll þau veifarferi, sem þar eru. Net og troll og ýmislegt annað fyrir milljónatugi, ef ekki hundruð milljóna. —LÓ



Halkión hefur verið mikill aflabátur, en úr þessari ferð sinni kom hann ekki með fisk, heldur bíla og búslóðir. Það mátti sjá óskuna, sem ekki hafði náð að skolast né fjúka af bílnumpö að baki lægi sjóferð frá Vestmannaeyjum.



Bíll Stefáns skipstjóra var annar bíllinn frá Vestmannaeyjum, sem setti hjól sín á meginlandið



Stefán Stefánsson skipstjóri á Halkión siglir skipi sínu að bryggju í Reykjavík.

fimmtu manns. Halkión var ekki eins hlaðinn, þegar hann kom að landi í þetta sinn. Um borð var aðeins einn farþegi og svo auðvitað skipshöfnin.

Markmiðið með þessu ferðalagi var að ná í tvo bíla og það mikilvægasta úr búslóð skipstjórans Stefáns Stefánssonar og þeirra skipverja, sem búa austarlega í bænum, nálægt gosstöðvunum. Stefán og margt af hans

FRÉTTAFÓLKID GRIPID Í BJÖRGUNARSTARFIÐ

Edda Andrésdóttir í Vestmannaeyjum í gærkvöldi um miðnætti:

Þrátt fyrir ógurlegar náttúruhamfarir í Vestmannaeyjum, sem svo mjög hefur verið rætt og ritað um, og þrátt fyrir það að kvíði sé meðal þeirra, sem enn eru í kaupstaðnum, er húmor ríkjandi og brandarar látnir fjúka, þó að aðeins nokkra metra í burtu geystist glóandi eldhnúllungar hátt í loft upp og kveiki í næsta húsi.

Það sýnd sig best í gærkvöldi þegar þær fregnir bárust, að mikil hættu væri á að hraun tæki að renna niður að einni götu kaupstaðarins, Búastaðabraut. Þegar Vísismenn komu þar á vettvang um klukkan tíu í gærkvöldi, hafði vörubíll verið lagt fyrir utan þá hús, sem í mestri hættu var, austast á götunni. Húsegandi, ásamt nágrönnum og slökkviliðsmanni, var í óða önn að tína húsgögn og

aðra verðmæta hluti út úr húsinu, og flytja það yfir á vörubíllspallinn. Á slíkri stundu er erfið að standa aðgerðarlaus, enda var Vísismönnum ekki líðið það til lengdar. Aður en varði voru þeir farnir að taka til höndum við að flytja húsgögn út úr húsinu, sem þegar var farið að titra og nötra all írskyggilega. Rúður hristust eins og þær ætluðu að láta undan loftþrýstingnum á hverri stundu, og tilfinningin var líkust því að staðið væri á stað þar sem á hverri stundu gæti blossað upp gos.

Enginn má vera að því að tína postulínsbolla eða kristalsskalar út úr skápum eða öðru slíku. Hlutiirnir eru teknir eins og þeir eru, engan tíma má missa. Vörubílfreidni, sem notuð var til flutninganna, hafði verið tekin traustataki, eða með öðrum orðum í leyfisleysi niðri við höfn. Slíkt setur þó enginn fyrir sig. Allir eru reiðubúnir til að hjálpa

hver öðrum, og rólegheit Eyjabúa eru aðdunarverð. Þó að ótí se ríkjandi, dýlja þeir í Eyjum hann með húmor og léttrum bröndurum.

Ög og bjórinn hjálpar svo sannarlega til í þessari aðstöðu, þar sem búast má við því, að allt fari í bál og brand á hverri stundu. Vissulega er bjórinn ekki fremur leyfilegur í Eyjum en annars staðar á Íslandi, en sjómenn héldu í siglingar í haust, og það fyrrigefta þeim vist allir, þó að þeir noti hann til hressingar nú.

Hver sprengingin kveður við af annarri, þab er eins og veggir hussins við Búastaðabraut muni gefa sig á hverri stundu. En í skáp, frýstikistu, sófasetti og fleiru hefur verið komið fyrir með flyti á vörubíllspallinum. Billinn er settur í gang og stefnan tekin á höfnina. Í höfninni liggur Huginn III, einn báturinn úr bátafloata Eyjabúa, sem flytja á húsgögn til Reykjavíkur. Aðstæður við

höfnina eru nokkuð öðruvísi en við Búastaðabrautina þessa stundina. Þar titrar jörðin ekki undir fötum manns og minna ber á eldgosinu, þó að feykilegar sprengingar kveði við öðru hvoru. En engan tíma má missa, það eru fleiri húsgögn í öðrum húsum sem þarf að bjarga, en allir eru búnir og boðnir til að hjálpa, og hverju af öðru er húsgögnunum komið fyrir í lest bátsins.

„Passaðu þetta húsgagn vel!“ hrópar einn, „þetta er uppá tugi þúsunda“. Þannig setningar kveða við, en inn á milli er skotið inn alvarlegri setningum: „Hvernig skyldi þetta enda?“ — „Étli hraunið komi til með að renna út í byggðina?“ — „Étli maður eigi nú ekki eftir að sjá húsið sitt aftur?“ Eða: „Hvernig veðri spáir hann á morgun?“

Alls staðar þar sem bátur er í höfninnierysog þys, alls staðar er verið að koma fyrir einhverju verðmætu. Vörubíllarnir streyma



Þessi mynd var tekin í gær, þegar unnið var við að flytja innbú og annað lauslegt úr Kirkjubæjarhúsunum, sem nú hafa orðið eldinum að bráð. Ljós. B.G.

hver af öðrum upp Búastaðabraut. Þó að vel geti farið svo, að gosíð eigi eftir að breystast og hraun komi ekki til með að renna niður yfir byggðina, þá getur allt-eins farið svo, að þau hús sem standa við götuna núna, verði horfin undir hraun og glóandi viku á morgun.

VÍSIR

Útgefandi: Reykjavent hf.
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson
 Ritstjórnarfulltrúi: Valdimar H. Jóhannesson
 Auglýsingastjóri: Skúli G. Jóhannesson
 Auglýsingar: Hverfisgötu 32. Símar 11660 86611
 Afgreiðsla: Hverfisgötu 32. Sími 86611
 Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611 (7 línur)

Askriftargjald kr. 225 á mánuði innanlands
 í lausasölu kr. 15.00 eintakið.
 Blaðaprent hf.

Gosvandamálin eru mörg

Menn eru nú almennt að sannfærast um, að gosið í Heimaey geti orðið langvinnt og að útilokað geti orðið að halda þar upp nokkrum vísi að atvinnulífi, svo sem sumir höfðu vonað. Þegar vindáttin snerist um tíma í nótt og öskuhríðina lagði yfir kaupstaðinn, kom áþreifanlega í ljós, að það fær ekkert atvinnulíf þrífizt um sinn.

Margar hættur steðja nú að í senn. Suðaustlægur vindur er algengur í Vestmannaeyjum. Ef öskugos heldur áfram, getur sú vindátt hæglega sökkt kaupstaðnum í ösku og gert flugvöllinn ófæran. Meiri möguleikar virðast vera á að nýta höfnina enn um skeið, því að hún yrði lengi að fyllast af gosefnum þótt vindátt yrði óhagstæð, og hraun yrði lengi að renna fyrir hafnarmynnið.

Margir eru undrandi á, hve mjög Almannaeyjarnar reynir að halda aftur af björgunarstarfi í Vestmannaeyjum. Eyjamenn hafa sumir hverjir orðið að fara á bátum til Heimaeyjar í trássi við tilskip anir til þess að sækja meira af eignum sínum. Í gær og í dag hefði verið hægt að koma miklu meiri verðmætum undan, ef skipulögð hefði verið loftbrú og umfangsmeiri fólksflutningar á sjó. Með því að lána þessu fólki hjálma og hlífðarföt hefði töluverðs öruggis verið gætt.

Hugsanlegt er, að varðveita megi búslóðir með því að flytja þær afsíðis, t.d. upp í Herjólfssdal og koma þar upp skjóli fyrir veðrum og vindi. En varanlegasta björgunin fælist í því að koma sem mestu um borð í skip og síðan í geymslu í pakkhúsum í landi. En slíkar aðgerðir verða að fara fram í mikilli skyndingu meðan vindátt helst hagstæð.

Eftir frábært starf í fyrstu hefur Almannaeyjarnar um of lagzt í boð og bönn. Ráðið má til með að leggja meiri ábyrgð í hendur Vestmannaeyingum sjálfra, minnugt þess, hve vel þeim tókst að koma þorra íbúanna undan á eigin bátaflota strax um fyrstu gosnóttina.

Það virðist hafa verið hrein óskhyggja sumra, að unnt mundi verða að bræða og frysta loðnu í Eyja. Það er ákaflega ósennilegt, að nokkrum aflla verði landað þar í náinni framtíð. Eyjamenn eru þegar farnir að kanna, hvernig megi sem mest draga úr þeim skaða. Líklega verður reynt að dreifa hinum mikla bátaflota þeirra eins og hægt er á hafnirnar sunnanlands og vestan.

Atvinnuhorfur Vestmannaeyinga eru sem betur fer tiltölulega góðar. A suðvesturhorni landsins er geysileg umframeftirspurn eftir starfsfólki, bæði í fiskiðnaði og í öðrum atvinnugreinum. Alvarlegri er húsnæðisskorturinn einkum þegar frá liður. A því sviði er þörf á mjög vandaðri skipulagningu, er tengist atvinnumöguleikum og möguleikum til skólalagöngu.

Eyjamenn hafa staðið sig með miklum ágætum í erfiðleikum sínum. Þeir bera sig vel og eru bjart sýnir á framtíðina þrátt fyrir erfiðleikana. Þeir eru vanir að standa á eigin fótum. Það kemur sér nú í góðar þarfir, þegar allt líf þeirra hefur stökkazt upp í einu veltfangi, og þeir horfa fram á nýja atvinnu með tvær hendur tómar í nýju umhverfi. En þeim er mikill styrkur í þeirri staðreynd, að öll þjóðin stendur í verki með þeim í erfiðleikum þeirra.



Þessi mynd birtist eftir sprengjuárásirnar 27. desember og er af rústum Bach Mai-sjúkrahússins í Hanoi.

Endurreisn Víetnam óskaplegt verk

Þegar sprengjuárásunum og stórskotahríðinni linnit á Norður-Víetnam mánudaginn 15. janúar, var hver einasta járnbrautar- og bílabrú sem einhverja þjóðungu hafði fallin í rúst. Sömuleisís öll orkuver, hver flugvöllur og öll þyngingarmeiri hernaðarmannvirki ýmist gjöreyðillög eða meira og minna lömuð.

Eða svo sögðu bandarískir fjölmiðlar og báru fyrir sig heimildum úr aðalstöðvum herstjórnarinnar í Washington.

Jafnframt var frá því skýrt, að njósnaskýrslur Bandaríkjamanna hefðu sýnt, að Norður-Víetnamar hefðu þegar hafizt handa við viðgerðir og uppbyggingu úr rústunum, aðeins fæginum klukkustundum eftir að ösköpin voru hjá líðin. En því var svo bætt við, að taka mundi fleiri mánuði að koma flutningakerfinu og annarri jafn þyngingarmikilli starfsemi í samt lag aftur.

Hversu umfangsmiklar stríðs-eyðileggingarnar í Norður-Víetnam eru raunverulega, verður ekki metið — að minnsta kosti ekki fyrr en eftir að ófriðaróldurnar hefur lægt. En það er engum vafa undirorpið, að það, sem bíður núna endurreisnar er svo gífurlegt, að því verður vart hrundið í framkvæmd nema með sameinuðu alþjóðlegu átaki.

Enda hafa fjöldamargar alþjóðlegar stofnanir og hjálpar-samtök þegar lagt drög að undirbúningi aðstoðar við Norður-Víetnam. Af þeim 7,5 milljörðum dollara, sem Nixon Bandaríkjaforseti hefur lofað að láta af hendi rakna til Indó-Kína eftir stríðslok, mun þriðji hlutinn renna til Norður-Víetnam. Sú hjálparstofnun Bandaríkjamanna, sem vinnur að aðstoð við þróunarlöndin (með skrifstofur í Washington), hefur lengi unnið að því að ákveða í smáatriðum, hvernig fjármunum þessum skuli skipt.

Háttsettir fulltrúar hins opinbera í Norður-Víetnam hafa samt ekki farið dult með það — útlendingar, sem komið hafa til Hanoi, hafa orðið þess áskynja hjá þeim — að þeir ætla sér ekki að láta aðra skipuleggja eða hrinda í framkvæmd endurreisn landsins. Og þeir líta á hugsanleg framlög Bandaríkjamanna til þessa málefnis sem hverjar aðrar stíðskadabætur.

Þeir eru enn fremur fullir tortryggni í garð Japans, sem lofað hefur bæði skyndihjálp til landanna í Indó-Kína og efnahagsaðstoð síðar meir. Þeir minnst Japans enn frá þeim tíma, sem

það var heimsvaldasinnað stór veldi. — Alþjóðabankann þýðir ekki að nefna í þeirra eyru, því að þeir líta á hann sem hvert annað verkfæri í höndum Bandaríkjamanna. Það bendir því flest til þess, að Norður-Víetnamar verði sjálfstæðir og einþykkir í endurreisnarstarfinu, eins og þeir hafa verið í hinna löngu baráttu sinni.

Þótt þeir hafi mjög verið upp á hernaðarabstöð Rússa og Kínverja komnir í stríðinu, er ólíklegt að þeir þiggi af stuðningsmönnum sínum nokkra aðstoð við uppbygginguna, nema hún verði látin í té alveg skilmálaalaust. Af Sameinuðu þjóðunum hafa þeir hingað til viljað sem minnst vita, því að sá vettvangur hefur aldrei látið þeirra mál til sín taka. En þiggi þeir af S.P. einhverja aðstoð, munu þeir áreiðanlega skoða hana frá báðum hliðum.

Meira en hálfri milljón smálestu af sprengjum, eldflaugum og fallstykki hefur rignt yfir Norður-Víetnam, síðan Lyndon B. Johnson forseti fyrirskipaði fyrstu árásirnar haustið 1964 norðan við 17. breiddargráðu. Áhrif þessa sprengjuegns verða nú ærvið verkefni Norður-Víetnómum og þeim sem hönd ætla að leggja á plóginn með þeim við uppbygginguna.

Sprengjuárásunum Bandaríkjamanna á Norður-Víetnam var hernaðarlega séð beint gegn skotmörkum, sem höfðu hernaðarþjóðungu. Oft voru þó þessi skotmörk í þéttbýli eða mjög nærri þeim. Leiddi af því, að nánast slapp enginn bær óskaddaður frá þeim.

Einstaka bær hefur verið endurreistur, en síðan eyðilagzt



Umsjón:
 Guðmundur Pétursson

afgur. Og útlendingar, sem hafa verið á ferð í Norður-Víetnam, segja að stór íbúðarsvæði hafi orðið fyrir sprengjum.

Harðast hafa sprengjuárásirnar komið niður á Hanoi, Haiphong og Nam Dinh. Eitt aðalvandamálið, sem bíður þeirra borga, mun spretta upp eftir að vopnahléð er komið á, þegar þeir, sem urðu að yfirgefa heimili sín — og flytja út á landsbyggðina, snúa aftur heim. Það verður mikill fólksfjöldi, sem tekur að streyma til þessara borga þegar um næstu helgi.

Þótt hörmulegt sé að hugsa til allra þeirra mannlífa, sem fórn- að hefur verið í þessu stríði, þá virðist næstum, sem ótrúlega fáir hafi farizt með tilliti þeirrar ógurlegru eyðileggingar, sem orðið hefur — eftir lýsingunum að dæma. Hennar gætur nánast alls staðar, og augljóst að stjórn Norður-Víetnam stendur gagnvart verkefni, sem virðist varla á mannlegu valdi að leysa. Eftir stríðið við Frakka lögðu Norður-Víetnamar megináherzu á að efla þungaíðnaðinn, meðan efnahagsþróun síðari ára hefur á hinn bóginn frekar stuðlað að meiri heimiliss- og smáíðnaði, framleiðslu neyðlúvvarnings- og eflingu landbúnaðarinnar.

Núna þegar hafizt verður handa við endurreisnina, vaknar aftur sú spurning hjá Norður-Víetnómum, hvort þeir eigi að leggja rækt við dreifbýlisstefnu — efla íbnað um land allt, sem væri öruggara frá hernaðarlegu sjónarmiði, með tilliti til þess að ófriður gæti brotizt út aftur. Eða hvort þeir eigi að treysta því, að friður haldist, og beita sér að því að þjappa íðnaðinum í stórborgunum.



í sveita þorpínu, Hoi An, sem varð fyrir sprengjuárásun af misgáningi 30. nóvember.


Einn kokkur í Eyjum — Eldar ofan í 160 manns

Edda Andrésdóttir, Eyjum, í gær:
Eldað er aðeins í einu eldhúsi í Eyjum þessa dagana, en þar er líka allmikilið að snúast. Sigurgeir Jóhannsson kokkur eldar ofan í þá, sem enn dveljast í Eyjum. Hann eldar ofan í hvorki meira né minna en 160 manns. Það hefur hann gert síðan gos hófst, en eldhúsið hans

og matstofa er staðsett í einu frystihúsanna í bænum, Vinnslustöðinni.
„Ég hef rekið þessa matstofu fyrir öll frystihúsin hér í Eyjum”, sagði Sigurgeir þegar Visismenn röðbuðu við hann í eldhúsinu í gær. „Eftir að gosið hófst, sá ég ekki nokkra ástæðu til að hætta eldamenskunni, þvert á móti. Ég byrjaði að

finna til kaffi og þess háttar strax á þriðjudagsmorgun kl. 7. Síðan hef ég verið að, en með hvíld á milli. Ég hef þó orðið að vinna nokkuð fram eftir”.
Í gær var hætta á, að matar birgðir í Eyjum nægðu ekki nema til tveggja daga, þ.e.a.s. sá matur sem Sigurgeir hafði yfir að ráð. Allur annar matur var lokaður inni í verzlunum og er reyndar ennþá. Þó er hægt að fá lykili að einni verzlun í bænum, einnig lykili að vörusölu SIS og mjólkurbúðinni, en lítið var orðið um mjólk í matstofunni.

„Við gefum allan þennan mat, hvað annað er hægt að gera, sagði Sigurgeir enn fremur. „Ég reyni að hafa fljótgerðan mat, þar sem ég er einn hér í eldhúsinu. Ég fæ þó öðru hverju hjálp frá strakum úr Hjalpa-sveit skáta, og er það aðallega hjálp við uppvottinn. Annars skilist mér að von sé á kokk frá Reykjavík nú í dag. Það gætu orðið nokkur vandræði með brauð, því ekki hef ég tíma til að baka. Það væri þó hægt að fá lykila að bakaríi, en það hjálpar þó ekki mikið, því í bænum er alls engin bakarí”.
Í gærkvöldi hafði Sigurgeir saltkjöt og baunir fyrir þá sem enn eru í bænum. Það er ekkert smærði, sem þarf að elda. „Það má alveg koma fram, að í þessu glæsta skipulagi Almannavarna hefur maturinn alveg gleymt. Það var ekki gert ráð fyrir því að fólk þyrfti að borða”, sagði Sigurgeir. En þegar við spurðum hann hversu lengi hann myndi elda, svaraði hann: „A meðan einhver matur er til og á meðan einhverjir menn eru til að borða hann”



← Sigurgeir Jóhannsson kokkur eldar meðan eitthvað er til og einhver til að borða.

Fragtflug sækir sennilega sauðfé til Eyja

Öllum nautgripum var slátrað í Eyjum, og kannski fer allt sauðfé sömu leiðina. Blaðið grennslabíst fyrir um hvers vegna þessi dýr hefðu ekki verið flutt í land.

Flugmálastjóri Agnar Kofoe-Hansen sagði að dýraverndunarfélagið í Vestmannaeyjum hefði haft samband við sig og grennslabíst fyrir um flugvél til að flytja skepnurnar á brott. Agnar sagði, að aðeins væri til ein vél til gripaflutninga á landinu, en það væri DC6 vél Fragtflugs. Væri sú vél of stór til að geta lent í Eyjum. Gæti verið að vélin gæti lent þar við mjög góð skilyrði, en algjörlega útilokað hefði verið að lenda vélinni í Eyjum eins og ástandið var á þriðjudaginn og í gær. Hafði Agnar bent dýraverndunarfélaginu á að flytja skepnurnar með bát til lands. Núna er vél Fragtflugs farin til Noregs með hesta.

Bláðið hafði samband við Arna Guðjónsson, stjórnarformann Fragtflugs, og sagði hann að hann hefði hringt til stjórnar Almannaavarna um kl. 5 á þriðjudagsmorgun og boðið vélinu og áhöfn sem sjálfbodaliða til að aðstoða við flutningana frá

Eyjum, ef þess gerðist þörf. Sagði Arni, að vélin hefði oft lent í Eyjum til að taka fersk fisk til útflutnings. Þegar þess gerðist ekki þörf að fá aðstoð Fragtflugs við flutningana frá Eyjum, hefði ekki verið kannað neitt hvernig skilyrðin hefðu verið, og gat Arni því ekki sagt neitt um hvort vélin hefði getað lent þar eða ekki.

Þá hafði blaðið samband við Halgrím Jónsson, flugstjóra hjá Fragtflug, og tjáði hann blaðinu að vélinni hefði verið lent 15-20 sinnum í Eyjum og hefði hún verið fyllt þar af vörum. Sagði Halgrímur að DC 6 vél Fragtflugs væri töluvert léttari en þessar vélar gerðust almennt. Halgrímur sagði einnig að hann hefði haft samband við fulltrúa Dýraverndunarfélagsins í Eyjum. Hefði það orðið úr að Fragtflug mundi sennilegast sækja sauðfé það sem í Eyjum er n.k. föstudag, en þá mun vel félagsins vera komin aftur frá Noregi.

Bláðinu tókst ekki að ná sambandi við fulltrúa Dýraverndunarfélagsins í Eyjum til að spyrja þá nánar um þetta mál.

—DM

Hekla flytur hross úr Eyjum

Nokkuð er af kindum og hestum í Vestmannaeyjum, eins og fólk er kunnugt. Í morgun var verið að skipa hestum út í Hekluna, sem lá við hafnarbakkann.

Ekki er vitað hvort fara á með allan fénað til meginlandsins.

Dýraverndunarmenn munu hafa staðið fyrir að öll gæludýr væru flutt á óhultan stað.

Enn mun vera nokkuð haglendi á Heimaey og eitthvað til að heyi, svo að skepnunum er ekki bráður bani búinn, þó að þær verði eitthvað áfram þar.

—LO

Hundruð Eyjamanna höfðu tryggt eftir Surtseyjargosið:

„Nokkur hundruð hús-eigenda í Vestmannaeyjum höfðu tryggt fyrir náttúruhamförum eftir Surtseyjargosið. Þeir gáfust samt upp smám saman og endurnýjuðu ekki trygginguna, þegar fram liðu stundir, svo að nú hafa aðeins tveir eigendur íbúðarhúsa tryggt fyrir þessum náttúruhamförum”. Reytingur manna um land allt hefur tryggt fyrir þessari hættu, þar af nokkrir tugir í Reykjavík og á Reykjanesi.

Þessar upplýsingar fékk blaðið hjá Asgeiri Ólafssyni, forstjóra Brunabótafélags Íslands. Í öllum venjulegum tryggingarsamningum er tekið fram að tryggingin nái ekki til náttúruhamfara eða styrjaldar. Hins vegar er unnt að kaupa tryggingu í slíkum tilvikum. Kostnaðurinn er tiltölulega mikill, en þó ekki nema nokkur þúsund krónur á ári fyrir hús.

Trygging á steinhúsi byggðu á klöpp kostar þannig hjá Brunabótafélaginu 1,2 af þúsundi, það er að segja fyrir tveggja milljón króna hús kostar trygging gegn náttúruhamförum 2400 krónur á ári og svo framvegis. Sé hús í timburhúsi, kostar tryggingin tvöfalt meira, sé reiknað með, að

það standi einnig á „föstu” (klöpp).

Mest iðgjöld á sprungusvæðinu

Jón Rafn Guðmundsson deildarstjóri hjá Samvinnutryggingum segir, að þar hafi engir Eyjamenn tryggt gegn náttúruhamförum sem stendur. Samvinnutryggingar skipta landinu í áhættusvæði, eftir því hver jarðskjálftahættan er talin. Hættan er talin mest á sprungusvæðinu frá Suðvesturlandi til Norðausturlands, það er að segja frá Suðnesjum til Þingeyjarsýslna og Eyjafjarðar. Vestmannaeyjar eru þar taldar á 2. áhættusvæði. Þá yrði þrefalt dýrara að tryggja fyrir náttúruhamförum í Eyjum en til dæmis á Austfjörðum eða Vestfjörðum, þar sem áhættan er talin svo miklu minni. Þó er enn dýrara, eða sextfalt, að tryggja á stöðum, sem eru á sprungusvæðinu á meginlandinu, til dæmis Grindavík, Hveragerði eða Húsavík. Reykjavík mun vera á sama verðlagssvæði og Eyjar.

Brunabótafélagið skiptir landinu hins vegar ekki í áhættusvæði. Asgeir Ólafsson segir, að nokkur vandi sé við tryggingu af þessu tagi varðandi endurtryggingu erlendis. Séu aðeins fáir, sem tryggja fyrir náttúruhamförum, sé vandinn lítill að bæta þeim við í endurtryggingunni. Verði hins vegar margir, sem þannig tryggja á sama stað, á íslenska tryggingarfélagið erfiðara um


vík að endurtryggja hjá stóru félögum erlendis fyrir þeirri hættu, að atburðir gerist eins og þeir, að heilt byggðarlag leggist í rúst.

„Ég hef trú á því”, segir Asgeir, „að þótt fáir í Vestmannaeyjum hafi tryggt sig gegn þessari hættu, muni hið opinbera verða að hlaupta undir bagga og

bæta þeim það tjón, er þeir verða fyrir”.

Asgeir taldi, að Eyjamenn hefðu ekki tryggt hjá öðrum félögum gegn þessari hættu.

—HH



Vegna breytingarinnar á hraunrennslinu í gærðag unnu flestir þeirra, sem í Eyjum voru, við að bjarga innanstokksmunum og fatnaði úr þeim húsum sem standa næst eldstöðvunum.

EYJAMÁL UTAN DAGSKRÁR?

„Það er að minnsta kosti ekki búizt við, að flokkstoringjar vekji í dag máls á málefnum Vestmannaeyja,“ sagði Eysteinn Jónsson, forseti Sameinaðs þings, í morgun. Hins vegar kynnu aðrir þingmenn að hefja umræður utan dagskrár.

Bent er á, að margir þingmanna er ekki komnir til borgarinnar þennan fyrsta dag þings. A dagskrá í dag er aðeins eitt mál, rannsókn kjörbréfa. -HII

„AÐEINS DOKTORAR OG MYNDA- SMÍÐIR FÁ LANDGÖNGULEYFI“

Eyjabúar reiðir — Fá ekki að bjarga eignum sínum — Gífurlegt öskufall í byggðinni í nótt

Edda Andrésdóttir frá Vestmannaeyjum:

Enginn Vestmannaeyingur fær að stíga fæti sínum á land í Heimaey dag, og eru litlar líkur til að þeir fái leyfi til þess á næstunni. Margur hver Vestmannaeyingurinn hefur þó gert fleiri tilraunir til þess að komast til eyjanna á einhvern hátt, sjóeða loftleiðis, til þess að sækja eigin sínar.

Áð því er yfirlögregluþjónninn í Vestmannaeyjum, Guðmundur Guðmundsson, ljáði Visisömönnum í morgun, verður reynt að bjarga verðmætum úr öllum húsum.

Verður það gert með því að veita öllum vörubílstjórum og öðrum þeim, sem geta hjálpað á einhvern hátt við flutningana, leyfi til landgöngu.

Einnig verður skólastjórum og læknum veitt leyfi, en líklega verður sett á laggirni sérstakt líð, sem sér um að bjarga húsgögnum og öðru slíku.

Vestmannaeyingar eru margir hverjir áfæreidir útaf þessu banni, en þetta ráð varð að taka í nótt, þegar útlit var fyrir hættuástand á eyinni.

Gos var ákaflega mikið og útlit var fyrir að hraun tæki að renna í byggð.

Um klukkan tvö í nótt var gífurlegt öskufall og dundi vikurinn á húspökum alls staðar á eyinni. Vindátt snérist til suðausturs og vísaði því beint til byggðar. Lögreglan taldi því ekki óhætt að veita mönnum leyfi til landgöngu, ef til þess kæmi, að yfirgefa þyrfti eyna í skyndi.

Þeir Vestmannaeyingar, sem eru á Heimaey láta sér þetta illa líka og bölvá í sand og ösku mönnum sem bera á maga sér myndavélur og öðrum, sem hafa doktorsnafnbót fyrir framan nafn sitt og fá því leyfi til að stíga á land.

Varðskipið Arvakur liggur í höfn tilbúið, ef á þarf að halda og tvö varðskip liggja úti fyrir eyinni. Fjórutiu manna flugvél bíður líka á flugvelli.

Eftir öllu að dæma nú, þykir líklegast, að færst missi eigin sínar, þar sem öll hús nærri gosinu hafa verið tæmd og nokkurt magn af húsgögnum þegar komið til Reykjavíkur.

Í nótt var unnið hörðum höndum við að hreinsa til í húsum og er gagnfræðaskólinn nær fullur af húsgögnum, en önnur hafa farið beint af stað til Reykjavíkur.



Það þarf engan að furða sem sér þessa mynd, að ódagot hafi verið á mörgum Vestmannaeyingum að komast í burtu eftir að gosið hófst. Eldhafið fyrir ofan bæinn er ekki beinlínis árennilegt, enda hefði ekki þurft að sökum að spyrja, ef hraunið hefði allir runnið til vesturs í stað austurs, eða ef gossprungan hefði opnast hinum megin við Helgafellið, sem reyndist nú Vestmannaeyingum vel og hlífði þeim við hraunrennsliu.

(Ljósmynd Leifur Þorsteinsson)

„Ég sé ekkert framundan“ — segir svartsynn Eyjabúi

„Það verður auðn. Það verður aldrei búið þarna aftur, það er ég viss um. En ef gosið hættir mjög fljótlega, þá verður líklega allt í lagi og þá verður alveg hægt að búa þarna.“ Hún var ekkert bangin á svipinu og ekki í neinni gæðshrængu unga stúlkan, sem sagði þetta. Hún var örugg á svipinu, eins og hún hefði reiknað þetta allt út.

Það varys og þys í upplýsingamiðstöð Vestmannaeyinga í morgun og margir ræddu sín á milli um ástand og horfur, eftir að þeir búnir að skrá sig eða gegna öðrum erindum.

Það var þó nokkuð einkennandi fyrir hópinn, að enginn vildi spá, enginn þóttist viss um að gosið mundi standa í svo og svo langan tíma. Folk hugleiddi frekar hvað það ætti að gera ef gosið stæði nú lengi yfir.

Fullorðinn maður, Júlíus Sigurðsson, var að skrá sig og Vísir tók hann tali.

— Hvernig standa þin mál ef gosið heldur lengi áfram?

— Ég sé ekki nokkurn skapaðan

hlut framundan ef við komumst ekki fljótlega aftur. Ég og konan mín erum bæði hálfgerðir sjúklingar, og þó að maður hafi getað skrölt áfram í þessari vinnu, sem maður var í, þá er ekki hægt að fá vinnu við allt aðrar aðstæður svona strax. Ég sé ekkert framundan.“

„Maður vonar það bezta,“ sagði Brynjar Einarsson, sjómaður. „Ég er á báti og verð það áfram, og min fjölskylda á vísan samastað, svo það má segja, að ég sé einn af þeim heppnu. Erfiðasta vandamálið ef þetta heldur áfram er að fá fólk til vinnu í frystihúsum á þeim stöðum, sem leysa frystihúsin í Vestmannaeyjum af. Heima voru það húsmæðurnar sem unnu og börnin fóru þá á barnaheimili á meðan. En í þessum litlu bæjum á Suðurlandinu er ekkert húsrými til að hýsa þessum húsmæðum og börn þeirra. Þetta er kannski ekki alstersta vandamálið, en það er það versta í sambandi við atvinnuna, held ég.“ —LÓ

RÓLEGT GOS Í MORGUN

Edda Andrésdóttir frá Eyjum:

EKKI hefur farið ykja mikið fyrir gosinu í morgun á móts við það, sem var t.d. í nótt, en þá virtist ástandið orðið nokkuð alvarlegt og sögðu margir, að nú væri eins og dómisdagur hafi verið keðinn upp.

Fimm hús hafa nú brunnið í Vestmannaeyjum. Í morgun virtust tvö eða fjögur þeirra að mestu komin undir hraunið. Þar af eru Kirkjubæirnir svokölluðu, sem brunnið hafa. Af þeim sjást nú aðeins rústir standa upp úr

svörtum vikri og sumstaðar hrauni.

Eldhnúllungar þeyttust í loft upp og var það af þeirra völdum, að eldur kom upp í húsum, þegar þeir komu niður í þök þeirra.

Þegar vindur snérist til suðaustanáttar í nótt, var talin hætta á að eldhnúllungar kynnu að þeytast nógu hátt í loft upp til að koma niður á húsum víðsvegar í bænum, en svo varð þó ekki.

Ekkert er gert til að reyna að slökkva eldinn í húsum, sem byrjuðu að brenna, enda var það

nær ógerlegt í Kirkjubæjarhúsum og hefði líklegast komið að litlu gagni.

Gos virðist nú nokkuð rólegt og í morgun var ekki útlit fyrir að hraun tæki að renna í byggð nærri strax.

Gosið breytist nú hröðum skrefum. Þó að allt virðist í lagi þessa stundina, getur skapazt hættuásand þá næstu.

Sprengingar eru ekki miklar og hús titra ekki lengur. Í nótt var hins vegar eins og allt láði að springa í loft upp.

Rúman þriðjung árs „að austan“

SALLI YFIR LOÐNUSTÖÐVAR MEÐAN GOS STENDUR

Austanáttin er sterk á Heimaey. Vindur blás úr austri, austsuðaustri, suðaustri eða suðsuðaustri rúmlega þriðja hlut ársins, segir Veðurstofan, og heldur meira á veturna. Jonas Jakobsson, veðurfræðingur segir, að ekki megi búast við, að vindur standi frá bænum öllu

lengur og gæti snúizt næstkomandi nótt.

Sveinn Jakobsson, jarðfræðingur sagði, að helzt megi gera ráð fyrir, að gosið verði í eðli sínu svipað og nú er, meðan það standi. Þetta þýðir, að örðugt yrði um alla vinnslu sjávarafurða, er vindur væri austlægur og suð-

austlægur. Næstu vinnslustöðvar eru rúman kílómetra frá gosstöðvum. Þar mætti búast við finum salla, meðan gosið stendur. Nær gosstöðvum verða vikur-molar nú oft 2-3 sentimetrar að stærð og stundum stærri, til dæmis þeir, sem kveiktu í húsum á Kirkjubæ. —HH